

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. desember 2017

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2018, 3. mál.**

Hvað varðar þá liði frumvarpsins sem eru í beinum tengslum við frumvarp til fjárlaga vilja samtökin leyfa sér að vísa til umsagnar þeirra um fjárlög 2018. Þar kemur fram ítarleg afstaða samtakanna og greining á efnahagslegum forsendum en að mati Samtaka atvinnulífsins eru fimm mikilvæg atriði sem fjárveitingarvaldið ætti að hafa hugfast:

- Búa þarf í haginn því uppsveiflur taka enda. Mikilvægt er að auka afgang af rekstri ríkissjóðs meðan tekjustofnar eru sterkir. Við munum búa að þeirri ráðdeild næst þegar harðnar á dalnum.
- Tryggja þarf aðhald á uppgangstímum. Snúa þarf af þeirri braut að auka útgjöld á uppgangstímum. Ríkisfjármálastefna á að milda hagsveifluna ekki ýkja hana.
- Forgangsröðun ríkisútgjalda er nauðsynleg. Útgjöld ríkisins eru miklar í sögulegum og alþjóðlegum samanburði. Finna þarf leiðir til að nýta betur skattfé landsmanna. Skorti fé til þarfra verkefna þarf að sækja slíka fjármuni til annarra málaflokka.
- Skapa þarf rými til skattalækkana. Ísland er háskattaland. Á meðan ríkisútgjöld vaxa á hverju ári skapast ekki svigrúm til að lækka skatta.
- Mikilvægt er að halda áfram að greiða niður skuldir. Skuldir ríkissjóðs eru enn of háar og vaxtakostnaður íþyngjandi.

**Fresta þarf niðurfellingu B-liður 3. mgr. 57. gr. b tekjuskattslaga**

Á vorþingi var samþykkt breyting á skattalögum með lögum nr. 59/2017. Hún felldi niður undanþáguheimild sem varðaði innlend félög frá reglum 57. gr. b um takmörkun á frádrætti vaxtagjalda með þeim rökstuðningi að *hugsanlegt* væri að hún gengi gegn jafnræðisreglu EES réttar. Samtök atvinnulífsins mótmæltu því í umsögn að ákvæðið yrði fellt niður án þess að skoðað yrði nánar hvort væri hægt að útfæra undanþáguna með öðrum hætti. Umræddar reglur hafa það að markmiði að draga úr tilfærslum á hagnaði á milli skattsvæða en útfærslan mun einnig koma í veg fyrir möguleika fyrirtækja í að fjármagna samstæður sínar sameiginlega, s.s. með skuldabréfaútgáfu móðurfélags sem lánar fjármagn áfram til dótturfélaga sinna. Með sameiginlegri fjármögnun fást oft betri kjör og það dregur úr umsýslukostnaði. Í tilfelli innlendra samstæðna er ekkert skattalegt hagræði af slíkri aðgerð heldur einungis verið að draga úr kostnaði sem í reynd eykur skattstofn eða gerir fyrirtækinu kleift að lækka verð. SA hefur bent á að það geti ekki talist farsælt að koma í veg fyrir hagkvæmni sameiginlegrar lántöku enda sé sú fjármögnun sem stendur íslenskum fyrirtækjum til boða nú þegar dýrari en víðast hvar annars staðar.

Í nefndaráliti með frumvarpinu var því beint til fjármála- og efnahagsráðuneytisins að taka til skoðunar hvernig megi tryggja að brottfall undanþágunnar komi ekki niður á eðlilegri fjármögnun innan samstæðu sem beinist ekki að því að takmarka skattgreiðslur. Var tekið fram að niðurfelling heimildarinnar ætti ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar 2018 og því ætti ekki að koma að sök að ákvæði um það efni verði lögfest í haust.

Í ljósi þess að ekki varð af hefðbundnu haustþingi og að ekki hefur verið unnið að útfærslu á nýju ákvæði sem tryggir þá hagsmuni sem um ræðir telja SA nauðsynlegt að fresta gildistöku niðurfellingu heimildarinnar (brottfalls B-liður 3. mgr. 57. gr. b tekjuskattslaga) fram að næsta áramótum. Með því verður hægt að fullklára fyrirhugaðar breytingar á heimild til samsköttunar sem og skoða hvernig megi tryggja að brottfall undanþágunnar komi ekki niður á eðlilegri fjármögnun innan samstæðu, eins og mælt var fyrir um að hálfu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Ef ekki reynist unnt að útfæra nýja heimild sem kemur til móts við umrædd sjónarmið þá þarf að lágmarki að gefa lengri tíma til aðlögunar að breyttum forsendum en nú er til stefnu. Það að endurfjármagna heila samstæðu, greiða upp útstandandi lán og fjármagna einstakar einingar að nýju, er ferli sem krefst undirbúnings og tíma. Í ljósi þess að fyrirtæki í þessari stöðu höfðu væntingar á grundvelli nefndarálits meirihlutans um að lögfestar yrðu nýjar reglur á haustþingi sem myndi koma í veg fyrir umræddar takmarkanir er nauðsynlegt að fresta gildistöku nú. Með því gefst tími til að ljúka yfirferð um mögulegar útfærslu á endurbættri heimild, ellegar gefa þá lengri aðlögunarfrest ef ekki tekst að koma til móts við umrædd sjónarmið.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Berglára Halldórsdóttir*